

HÚSALEIGUBÆTUR TIL BARNA

Árið 2014 fengu 210 börn (yngri en 18 ára) sem leigðu námsmannaíbúðir greiddar húsaleigubætur og fengu þau að meðaltali greiddar húsaleigubætur í fjóra mánuði á árinu. Meðalfjárhæð húsaleigubóta til þessara barna var 12.765 kr. á mánuði en heildargreiðsla húsaleigubóta til hvers þeirra á árinu var að meðaltali 50.816 kr.

Tíu börn (yngri en 18 ára) sem leigðu íbúð á almennum leigumarkaði fengu greiddar húsaleigubætur árið 2014 og fengu þau að meðaltali greiddar húsaleigubætur í 3,3 mánuði á árinu. Meðalfjárhæð húsaleigubóta til þessa hóps var 15.694 kr. á mánuði en heildargreiðsla húsaleigubóta til hvers barns var að meðaltali 51.790 kr. árið 2014.

Árið 2015 fengu 203 börn yngri en 18 ára sem leigðu námsmannaíbúðir greiddar húsaleigubætur og var meðalfjárhæð húsaleigubóta til þeirra aðeins hærri það ár en árið 2014 eða 13.333 kr. á mánuði að meðaltali. Húsaleigubætur voru að meðaltali greiddar í 4,1 mánuðir til umrædds hóps og var heildargreiðsla húsaleigubóta til hvers barns að meðaltali 54.250 kr. á árinu.

Jafnframt fengu 9 börn yngri en 18 ára sem leigðu íbúðir á almennum leigumarkaði greiddar húsaleigubætur árið 2015. Meðalfjárhæð húsaleigubóta til þeirra var aðeins lægri árið 2015 en árið 2014 eða 13.859 kr. á mánuði. Húsaleigubætur voru að meðaltali greiddar í 3,1 mánuð til þessa hóps og var heildargreiðsla til hvers barns að meðaltali 43.117 kr. á árinu.

2014	Námsmanna- íbúðir	Almennar leiguíbúðir	2015	Námsmanna- íbúðir	Almennar leiguíbúðir
Fjöldi barna (yngri en 18 ára)	210	10	Fjöldi barna (yngri en 18 ára)	203	9
Úthlutaðir mánuðir að meðaltali á ári	4 mán.	3,3 mán.	Úthlutaðir mánuðir að meðaltali á ári	4,1 mán.	3,1 mán.
Meðalfjárhæð húsaleigubóta á barn á mánuði	12.765 kr.	15.694 kr.	Meðalfjárhæð húsaleigubóta á barn á mánuði	13.333 kr.	13.859 kr.
Meðalfjárhæð húsaleigubóta samtsals á hvert barn	50.816 kr.	51.790 kr.	Meðalfjárhæð húsaleigubóta samtsals á hvert barn	54.250 kr.	43.117 kr.

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.